

Ed. 542. Frumvarp til laga [156. mál]

um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútsvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðs 10. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignar-skatt, er heimilt að draga skuldatöp atvinnufyrirtækja, samkv. II. kafla laga nr. 120 28. des. 1950, frá skattskyldum tekjum við allt að fimm næstu áramót eftir að skuldaskilum lauk, og þá jafnstóran hluta tapanna í hvert skipti.

2. gr.

Eignatap vegna skuldaskilanna, sem heimilt er að afskrifa samkv. 1. gr. þessara laga, skal og koma til frádráttar skattskyldri eign til stóreignaskatts, sbr. lög nr. 22 1950, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mörg atvinnufyrirtæki, einkum iðnfyrirtæki, hafa orðið fyrir verulegu tjóni í sambandi við skuldaskil útvegsmanna. Þykir sanngjarnt að veita þessum aðilum heimild til að draga töp þessi frá skattskyldum tekjum sínum nokkur næstu ár, þar eð það mundi ekki koma þeim nema að mjög takmörkuðum notum að verða að láta allar hinar töpuðu skuldir koma til frádráttar á einu ári. Er með frumvarpi þessu lagt til að heimila þeim að draga töpin frá skattskyldum tekjum á allt að fimm ára tímabili, en þó þannig, að jafnstór hluti tapanna komi til frádráttar hvert ár.

Þá þykir einnig ósanngjarnt að reikna þessar töpuðu skuldir mönnum til eignar við ákvörðun stóreignaskatts, og er því gert ráð fyrir því, að stóreigna-skattur, sem fyrirtæki þessi kunna að eiga að greiða, verði umreiknaður með hliðsjón af skuldatöpunum.